



FUNDARGERÐ

Aðalfundur Klifurdeildar Fimleikafélagsins Björk

Haldinn miðvikudaginn 29.mars, kl. 20:00 í Félagsheimili félagsins að Haukakrauni 1.

Fundin sátu 12 fundargestir, það var óvenju góð mæting, virkilega ánægjulegt.

Formaður las skýrslu stjórnar – var hún samþykkt með 1 athugasemd, bæta inn að Bryndís Guðmundsdóttir hafi orðið klifurkona félagsins.

Því næst fór gjaldkeri yfir reikninga deildarinnar – voru þeir samþykktir án athugasemda.

Kostning stjórnar:

Didda formaður gaf kost á sér áfram.

Björn Hansson gaf kost á sér áfram.

Nína Sif M. Gilsfjörð gaf kost á sér áfram.

Guðbjörg Helga Jónsdóttir gaf kost á sér áfram.

Kári Jóhannsson/Guðlaug Helga Þórðardóttir gáfu kost á sér áfram.

Ragnheiður Arngrímsdóttir gaf kost á sér áfram.

Ein móðir var kosin í stjórn en hún var búin að gefa kost á sér fyrir fundinn, það var:

Lilja Björk Baldvinsdóttir

Þetta er óvenju öflug stjórn, virkilega ánægjulegt að foreldrar séu virkir og geri gott starf betra, komi með nýjar ferskar hugmyndir inn í starfið.

Önnur mál:

Didda kynnti ferðaplan fyrir Nordic Youth Camp – en það eru samnorrænar klifurbúðir sem eru haldnar á hverju ári, nú eru það Finnarnir sem halda þær í ár og verða þær á Álandseyjum. Hvert norðurland hefur rétt á því að senda 10 þátttakendur og 2 fararstjóra, undanfarin ár hafa þátttakendurnir komið frá klifurdeildinni í Björk og Klifurhúsinu, en í ár eru eingöngu þátttakendur frá Björk, 10 hafa sótt um og fara Sjöfn þjálfari og Didda formaður klifurdeildar sem fararstjórar, Didda er búin að undirbúa og skipuleggja ferðalagið en hópurinn flýgur til Arlanda í Svíþjóð, þar verða leigðir 2 mini bussar og ekið til Käpellskär, þar verður svo tekin ferja til Álandseyja.

Svona ferðir eru dýrar og ákveðið er að halda fund með foreldrum sem fyrst og skipuleggja fjáraflanir, t.d vera með veitingasölu á vormóti, sölu og klifur á 17. júní og lakkríssölu.



Kristín Hálfánardóttir fór aðeins yfir tryggingamál, en það er í gangi mál þar sem barn slasaðist á æfingu og það er verið að sækja á þjálfarann. Nú þegar hefur Gerpla tryggt alla sína iðkendur og Fimleikasambandið er að útbúa kerfi þar sem iðkendur sem eru komnir á eitthvað visst stig geta greitt fyrir tryggingu.

Didda fór yfir yfirlit af söfnunar reikningnum okkar.
Hafsteinn fór yfir ársreikning deildarinnar.
– voru þeir samþykktir án athugasemda.

Didda gerði grein fyrir því að um síðust áramót voru lagðar ca 500.000 kr inn á söfnunar reikninginn deildarinnar, en það var afgangurinn af rekstri deildarinnar á síðasta starfsári, búið var að ákveða að kaupa klifurskó fyrir deildina til að hafa til útleigu, bæði fyrir nýja iðkendur og eins fyrir hópa sem koma og klifra hjá okkur, við erum búin að fá tilboð frá 2 aðilum og það verður farið í það á næstu dögum að panta skó ca 60-70 pör.

Björn Hansson lagði fram tillögu um að sækja um fararstjórástýrk til deildarinnar
– hún var felld.

Lagði hann þá til að það yrði sótt um umhverfismáttina fyrir krakkana sem eru að fara á NYC, þá færu einungis þeir krakkar að tína rusl og fengju þá peninginn en ekki deildin eins og hefur verið undan farin ár – það var samþykkt.

Didda bað Kristínu að athuga með hvort það væri hægt að fá lausafög í gluggana inni í Litlu Björk hjá klifursvæðinu, það verður alveg ólíft þarna inni í horni þegar margir eru í salnum og nauðsynlegt að geta opnað út.

Það sköpuðust umræður um það að elstu iðkendum okkar fara alltaf inni Klifurhús þegar þau eru orðin 16-17 ára, þau leita í frjálsræðið og félagskapinn sem er þar, þar skapast öðru vísi stemning þegar þau koma þangað og byrja að æfa í raun sjálf af því að þau eru kominn með grunninn og tæknina, þessi stemning er ekki hjá okkur þar sem við deilum sameiginlegum sal, músikin er aldrei þeirra, engin aðstaða til að liggja og slappa af á meðan þau pústa sjálf og fylgjast með hvort öðru klifra. En Kristín benti réttilega á að það er vel hægt að fara að æfa annars staðar en Bjarkarhjarða á samt að halda áfram að slá hjá þessum iðkendum og þau eiga vel að geta haldið áfram að keppa fyrir okkar hönd, eins og við sjáum gerast í mörgum ípróttum.

Fundi slitið 21:25

Fundinn ritaði fyrir hönd stjórnar
Sigríður Kr. Hafþórsdóttir
Formaður